



STOFNSAMNINGUR

Samningur um vörukaup áfengis

 VÍNBÚÐIN | ÁTVR

Stofnsamningur

Hér með gera Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR), hér eftir kaupandi, og

_____, hér eftir seljandi, með sér svohljóðandi stofnsamning um vörukaup:

Samningur þessi er heildarsamningur á milli kaupanda og seljanda og tekur til allra vörukaupa áfengis á grundvelli laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak, og reglugerðar nr. 1106/2015, um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. tilvitnaðra laga ber ÁTVR að starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Í samræmi við það er leitast við að tryggja að vörukaupaferli ÁTVR sé í samræmi við alþjóðlegar samþykktir og siðareglur um félagslega, efnahagslega og umhverfislega ábyrgð. Í þessu skyni er ÁTVR m.a. aðili að *heimssáttmála Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact)* og alþjóðasamtökunum *FTA (Foreign Trade Association)* og *BSCI (Business Social Compliance Initiative)*. ÁTVR leggur meginreglur heimssáttmálans og siðareglur BSCI til grundvallar öllum sínum vörukaupum. Reglurnar eru birtar á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is.

1. Samningsaðilar

Kaupandi	Kennitala kaupanda	Heimilisfang
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR)	410169-4369	Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík
Netfang	Reikningsnúmer	Sími
vinbudin@vinbudin.is	0331-26-102050	560 7700
F.h. ÁTVR		
Tinna Pétursdóttir (umsokn@vinbudin.is)		

Seljandi	Kennitala seljanda	
Netfang	Reikningsnúmer	Sími

_____, kt. _____ undirritar samning þennan fyrir hönd seljanda, eftir atvikum rafrænt, og ábyrgist að hafa til þess umboð. Meðal viðhengja er skjal er staðfestir að síðastnefndur einstaklingur hafi umboð til að undirrita samning þennan fyrir hönd seljanda, almennt skal lagt fram vottorð úr fyrirtækjaskrá um prókúruhafa seljanda.

Viðhengi

Með þessum samningi fylgja starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti og heilidsölu- eða framleiðsluleyfi.

Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits til að reka matvælafyrirtæki skv. matvælalögum nr. 93/1995
Leyfi sýslumanns til heilidsölu á áfengi skv. áfengislögum nr. 75/1998
Staðfesting á umboði til undirritunar, t.d. vottorð úr fyrirtækjaskrá

Upphafsstafir:

Tengiliðir

Neðangreindir A tengiliðir seljanda geta skuldbundið hann gagnvart kaupanda skv. samningi þessum. Þeim er m.a. heimilt að sækja um: sölu á vörum, vörubreytingar og verðbreytingar. Jafnframt er þeim heimilt að tilkynna um uppsögn vörukaupasamninga, afturköllun fyrrgreindra umsókna o.fl. A tengiliðir fá úthlutað aðgangi að birgjavef, aðgangsstýrðu vefsvæði, þar sem þeir koma fram fyrir hönd seljanda. A tengiliðir geta hvorki tilnefnt nýja tengiliði né fellt niður umboð þeirra.

Nafn	Netfang	Kennitala	Sími

Neðangreindir B tengiliðir seljanda hafa allar sömu heimildir og A tengiliðir. B tengiliðir fá úthlutað aðgangi að birgjavef, aðgangsstýrðu vefsvæði, þar sem þeir koma fram fyrir hönd seljanda. B tengiliðir geta tilnefnt nýja A tengiliði og fellt niður umboð þeirra. Aftur á móti geta B tengiliðir hvorki tilnefnt nýja B tengiliði né fellt niður umboð þeirra.

Nafn	Netfang	Kennitala	Sími

B tengiliðir verða eingöngu tilnefndir, og umboð þeirra felld niður, af aðila sem hefur umboð til að undirrita samning þennan.

2. Rafræn samskipti

Notast er við rafræna miðlun upplýsinga í samskiptum aðila á grundvelli samnings þessa, í samræmi við ákvæði IX. kafla stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Gögn á rafrænu formi teljast skrifleg séu þau tæknilega aðgengileg móttakanda þannig að hann geti kynnt sér efni þeirra, varðveitt þau og framvísað þeim síðar.

Gögn á rafrænu formi jafngilda frumriti ef tryggt er að gögnin séu óbreytt frá upprunalegri gerð.

Kaupandi skal senda rafræn gögn á það/þau netföng sem seljandi tilgreinir í samningi þessum.

3. Staðfesting heildsöluleyfis

Staðfesting skv. áfengislögum nr. 75/1998 á leyfi seljanda til þess að stunda heildsölu á áfengi í atvinnuskyni skal fylgja samningi þessum.

4. Afgreiðsla umsókna um sölu

Umsóknir seljanda um sölu vöru hjá kaupanda verða ekki afgreiddar nema fyrir liggja fullgildur stofnsamningur um vörukaup.

5. Sérpöntun

Vara seljanda verður ekki boðin til sérpöntunar nema fyrir liggja fullgildur stofnsamningur um vörukaup.

6. Birgjavefur

Seljandi fær aðgang að aðgangsstýrðu vefsvæði, birgjavef, þegar stofnsamningurinn hefur tekið gildi.

7. Vörukaupasamningur

Vörukaupasamningur er gerður um hverja einstaka vöru þegar kaupandi hefur samþykkt umsókn seljanda um sölu hennar. Um vörukaupasamning gilda ákvæði reglugerðar nr. 1106/2015, um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi.

8. Vanefndaúrræði

Vanefni seljandi samningsskyldur sínar samkvæmt stofnsamningi þessum og/eða vörukaupasamningi á grundvelli hans og/eða gerist brotlegur við þau lög og stjórnvaldsfyrirmæli er samninginn gilda er kaupanda heimilt að grípa til vanefndaúrræða eftir því sem við á.

9. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við móttöku kaupanda á frumriti hans undirrituðu af seljanda eða undirrituðu rafrænu eintaki sem samræmist áskilnaði 2. gr. samnings þessa.

Stofnsamningur og vörukaupasamningur á grundvelli hans eru almennt uppsegjanlegir með gagnkvæmum 90 daga uppsagnarfresti.

Falli leyfi seljanda til þess að selja áfengi í heildsölu úr gildi verða stofnsamningur þessi og vörukaupasamningur á grundvelli hans þegar ógildir gagnvart kaupanda.

10. Brottfall eldri stofnsamnings

Við gildistöku samnings þessa, sbr. ákvæði 9. gr., fellur fyrri stofnsamningur aðila um vörukaup áfengis, sem áður kann að hafa verið gerður, úr gildi. Eldri vörukaupasamningur/-ar halda gildi sínu að breyttu breytanda.

11. Breytingar á laga- og/eða reglugerðarumhverfi

Við breytingar á laga- og/eða reglugerðarumhverfi samnings þessa getur kaupandi sagt upp stofnsamningi og vörukaupasamningi á grundvelli hans, fyrirvara- og bótaust.

12. Framsal réttinda og veðsetning

Seljanda er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða vörukaupasamningi á grundvelli hans nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

13. Ógjaldfærni seljanda

Verði seljandi gjaldþrota eða ógjaldfær af öðrum ástæðum er kaupanda heimilt að segja samningi þessum og vörukaupasamningi á grundvelli hans upp fyrirvara- og bótaust.

14. Ágreiningsmál

Ágreiningsmál sem kunna að rísa vegna samningsins og/eða vörukaupasamninga á grundvelli hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

15. Frumrit og undirritun, eftir atvikum rafrænt

Samningur þessi skal gerður í tvíriti og heldur hvor aðila sínu frumriti.

Rafrænt skannað eintak með eiginhandarundirritun beggja samningsaðila jafngildir frumriti samnings þessa.

Rafræn undirritun stofnsamningsins, sem uppfyllir skilyrði laga nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir, er jafngild hefðbundinni undirskrift.

Staður og dagsetning:

F.h. kaupanda

F.h. seljanda